

**Ed.**  
um náttúruvernd.

**651. Frumvarp til laga**

[213. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 24. marz.)

Samhljóða þskj. 370 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:

Náttúruverndarþing kemur saman fjórða hvert ár. Hlutverk þess er að fjalla um náttúruvernd landsins og gera tillögur um röðun þeirra verkefna, sem það telur brýnast að leysa.

Á náttúruverndarþingi eiga sæti:

- 1) Fulltrúi kjörinn af hverri náttúruverndarnefnd.
- 2) Einn fulltrúi fyrir hvert af eftirfarandi samtökum: Samband dýraverndunarfélagi Íslands, Ferðamálaráð, Fuglaverndarfélag Íslands, Félag íslenzkra náttúrufræðinga, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Landvernd, Bandalag íslenzkra skáta, Skógræktarfélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Stéttarsamband bænda, Ungmennafélag Íslands, Æskulýðssamband Íslands, Bandalag íslenzkra farfugla, Ferðafélag Íslands.
- 3) Þrír fulltrúar fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands, sérfróðir um jarðfræði, grasafræði og dýrafræði.
- 4) Einn fulltrúi fyrir hvern þingflokk á Alþingi.
- 5) Náttúruverndarráð.
- 6) Eftirtaldir embættismenn: Búnaðarmálastjóri, flugmálastjóri, framkvæmdastjóri rannsóknaráðs, landgræðslustjóri, landlæknir, formaður eiturefnanefndar, siglingamálastjóri, yfirdýralæknir, framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, framkvæmdastjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, fulltrúi frá Háskóla Íslands, orkumálastjóri, skipulagsstjóri, skógræktarstjóri, vegamálastjóri, veiðimálastjóri, þjóðminjavörður og fulltrúi frá menntamálaráðuneytinu.